

**Fundargerð**  
**330. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,**  
**haldinn 5. október, 2016, kl 15.30 að Grensásvegi 16.**

**Fundinn sátu:**

Kristín Á Guðmundsdóttir, formaður  
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður  
Jóhanna Traustadóttir, ritari  
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

**Fundarritun annaðist:**

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

**Dagskrá:**

- 1. Fundur settur**
- 2. Fundargerð síðasta fundar**
- 3. Lífeyrismál**
  - a. Fréttatilkynning BSRB
  - b. Ályktun Austurlandsdeildar
  - c. Ályktun sjúkraliða á Brákarhlíð
- 4. Stofnanasamningar**
  - a. Landspítali
  - b. Heilbrigðisstofnun Vesturlands
  - c. Aðrar stofnanir
- 5. Trúnaðarmannaráðsfundur 13. október**
- 6. Fundur starfsnefnda 13. október.**
- 7. Afmæli félagsins**
  - a. Ráðstefnan
  - b. Tjarnargatan/Myndahönnunarfyrtæki
  - c. Móttaka gesta

**Önnur mál**

**Dagskrá:**

- 1. Fundur settur**

Kristín Á Guðmundsdóttir (KÁG) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð stjórnarmenn velkomna.
- 2. Fundargerð síðasta fundar**

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að fundargerð síðasta fundar væri samþykkt og komin á netið.
- 3. Lífeyrismál**

KÁG fór yfir að mikið hafi gengið á vegna samkomulags BSRB, KÍ og BHM við fráfarandi ríkisstjórn um breytingu á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna. Öll þessi

bandalög hafa sent út fréttatilkynningu, þ.s. fram kemur að frumvarpsdrögin sem liggja fyrir eru ekki í takt við samkomulagið sem undirritað var.

Fagfélögögin innan BSRB (*Sjúkraliðafélag Íslands, Landssamband lögreglumanna, Landssamband slökkviliðs og sjúkraflutningamanna og Tollvaraðafélag Íslands*) hafa neytt allra sinna krafta til að standa gegn þessum breytingum og bent á þær alvarlegu skerðingar sem eru í þessu samkomulagi/frumvarpi, án þess að nokkuð sé fast í hendi sem lofað er í staðinn. Þessi félög hafa m.a. sent frá sér harðorða ályktun á alla þingmenn, mætt á fund fjárlaganefndar Alþingis til viðræðna um málið, hvert með sitt lögfræðialitið og mætt í viðtöl í fjölmiðlum.

Í vinnslu er álit frá hæstaréttarlögmanni um málið, með sérstaka áherslu á stjórnarskrárvarin réttindi lífeyris.

Austurlands- og Vesturlandsdeild SLFÍ hafa sent frá sér ályktanir á alþingismenn, þ.s. frumvarpinu um skerðingu á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna er mótmælt.

#### 4. Stofnanasamningar

- Farið var yfir að búið er að ljúka stofnanasamningi við LSH vegna ársins 2016. Við undirritun samningsins áskildu fulltrúar SLFÍ félaginu rétt í bókun til að fara með ákveðna rangtúlkun að álitu félagsins fyrir Félagsdóm, ef ekki yrði úr bætt. Málið varðar spönn í starfslýsingu E. Fram koma að illa gekk að fá niðurstöðu í samninginn og mikil stífni er í fulltrúum LSH varðandi allar hugsanlegar tilslakanir í samningnum. Í umræðunni hefur verið að nýta allan pott ársins 2017 til uppfærslu á stofnanasamningnum á LSH, en fulltrúar SLFÍ í samstarfsnefnd hafa gert grein fyrir því að til þess þurfi fulltrúar LSH að líta upp úr exelskjölunum og slaka einhverju til þannig að samningar náist. Áfram verður unnið í að uppfæra stofnanasamningana fyrir árið 2017 og 2018 með áður nefndum fyrirvara.
- GÖG hefur sent tillögur að uppfærslu stofnanasamninga á allar hinar stofnanirnar og eru þeir samningar í vinnslu.
- Svar hefur borist frá HVE, þ.s. fram kemur að tillaga SLFÍ fer lítillaga fram úr þeim fjármunum sem komu í hlut stofnunarinnar, en þeir ganga samt sem áður að tillögu félagsins.

#### 5. Trúnaðarmannaráðsfundur 13. október

KÁG fór yfir dagskrá trúnaðarmannaráðsfundarins. Fyrir liggur að rúmlega 60 trúnaðarmenn hafa nú þegar skráð sig á fundinn, en inn í þá tölu vantar alla félagsstjórnina.

#### 6. Fundur starfsnefnda SLFÍ

Fram kom að búið er að senda fundarboð á allar nefndir. Dagskrá verður send fljótlega.

#### 7. Afmæli félagsins

Kristín Ólafsdóttir (KÓ) formaður afmælisnefndar SLFÍ fór yfir stöðuna varðandi málþingið og hátíðarhöldin. Allir atburðir eru að verða fast- og fullmótaðir.

### **Önnur mál**

- KÁG fór yfir að Saga félagsins er í lokavinnslu og þar er ýmislegt sem þarf að fara yfir og laga.
- Skoðaðir voru munir sem búnir hafa verið til vegna afmælishátíðar SLFÍ, sem JT hefur haldið utan um.
- Skoðaðar voru hugmyndir af forsíðu á sögu félagsins. Ákveðið var að hafa bleikan lit á forsíðunni.

Fundi slitið kl. 17.10